

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1985

15. september 1985

309

Nr. 88

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag í opinbera heimsókn til Spánar og Hollands.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 15. september 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

20. september 1985

BRÁÐABIRGÐALÖG

Nr. 89

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.,
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum sé nauðsynlegt að breyta nú þegar gjaldtöku af innfluttum bifreiðum.

Fyrirhugað er að setja lög er hækka skatta til vegagerðar sem lagðar eru á bifreiðaeigendur. Ívilnun er felst í tillögu þessari mun gera skattlagningu þessa mildari en ella og jafnframt stuðla að eðlilegri og jafnari endurnýjun á bifreiðaeign landsmanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%:
87.02.11, 87.02.13, 87.02.14, 87.02.15, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21 og 87.02.49.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Helgi Seljan.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Albert Guðmundsson.

A 40

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg